

Samtök atvinnulífsins
SVP- Samtök verslunar og þjónustu

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Evu Margrétar Ævarsdóttur
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Samtök iðnaðarins
Landssamband ísl. útvegsmanna
Alþingi

Erindi nr. P 128/459
komudagur 4.12.2002

SA/

Rvk. 03.12.2002

Málefni : Umsögn um frumvarp til laga um úrvinnslugjald, 337. mál.

Visað er til til bréfa yðar dagsett 18. nóvember s.l. þar sem þér óskið umsagnar Samtaka atvinnulífsins og ofangreindra aðildarfélaga þeirra um framangreint frumvarp til laga um úrvinnslugjald, 337. mál. Samtökin leggja til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir, með þeirri viðbót sem hér kemur fram í lokin, enda hafa þau tekið virkan þátt í þeirri stefnumótun sem frumvarpið byggir á og þeirri útfærslu sem þar er að finna. Samtökin og ofanskráð aðildarfélög vilja koma eftirfarandi athugasemdum og áherslum á framfæri.

Samtök atvinnulífsins og aðildarfélög leggja á það áherslu að samkvæmt framangreindu frumvarpi hvílir ábyrgð á framkvæmd laganna að mestu á atvinnulífinu í samráði við sveitarfélögin í landinu. Til að gera atvinnulífinu kleift að framfylgja lögnum þarf að tryggja því meirihluta í stjórn Úrvinnslusjóðs.

Markmið laga um úrvinnslugjald er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Lítið er til þeirrar reynslu sem fengist hefur við framkvæmd laga um spilliefnagjald og laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvöru við gerð frumvarpsins. Þau hagrænu skilyrði sem löggin byggja á felast í að innheimtumenn ríkissjóðs innheimta gjald af innfluttri vöru og innlendri framleiðslu, sem falla innan ramma laganna, en gjaldið er síðan notað til að greiða þann kostnað sem til fellur við úrvinnslu þess úrgangs, sem af viðkomandi vörum stafar.

Í nágrannalöndum okkar hefur verið tekið á þessum málum með nokkrum öðrum hætti. Til að ná markmiðum sínum í úrvinnslu úrgangs hafa þarlend stjórnvöld sett lög um seljanda- eða framleiðandaábyrgð, sem gerir seljendum eða framleiðendum viðkomandi vöru skylt að taka við úrgangi sem af vörunni stafar, notandanum að kostnaðarlausu. Innflytjendur og framleiðendur viðkomandi vöru mynda með sér félag til að sjá um framkvæmd laganna. Til að standa undir kostnaði, sem af því hlýst, greiða innflytjendur og framleiðendur viðkomandi vöru sjálfviljugir ákveðið gjald í sameiginlegan sjóð í hlutfalli við innflutt og selt magn. Þannig er innheimta gjaldsins á ábyrgð viðkomandi félags atvinnurekenda, sjóðurinn á forræði þeirra atvinnurekenda sem í hann greiða og framkvæmd laganna á ábyrgð félagsins. Ókostirnir eru hins vegar að greiðsla viðkomandi innflytjenda og framleiðenda í sjóðinn er sjálfviljug, á henni hvílir engin lagaskylda, sem veldur því að veruleg afföll verða í innheimtu þess fjár.

Frumvarp til laga um úrvinnslugjald tekur mið af framangreindu frjálsu samkomulagi atvinnurekenda, sem mikið er byggt á í nágrannalöndum okkar, með því veigamikla fráviki, að gjaldið er lögfest hér á landi, innheimtumenn ríkissjóðs sjá um innheimtu þess og skila því til úrvinnslusjóðs, svo að ekki verður komst undan gjaldtökunni. Frumvarpið er því í raun „frjáls samningur“ milli atvinnulífs og ríkis þar sem ríkið tryggir fjármögnun við framkvæmd laganna og sér um að þeir sem hlut eiga að máli leggi sitt að mörkum.

Samtök atvinnulífsins og aðildarfélög leggja á það áherslu að ríkissjóður ábyrgist að úrvinnslusjóður hafi ávallt nægilegt laust fé til ráðstöfunar til að standa við skuldbindingar sínar.

Fjárhæð úrvinnslugjalds er ákveðið með lögum og verður því ekki breytt nema með lögum. Í framangreindu frumvarpi til laga um úrvinnslugjald er fjárhæð úrvinnslugjalds á ökutæki tilgreint í lögnum en í viðaukum með lögnum fyrir aðrar vörur. Ljóst er að töluverðrar ónákvæmni gætir í ákvörðun á fjárhæð úrvinnslugjalds á þessu stigi máls. Útreikningur úrvinnslugjalds á ákveðna vöru byggir á áætluðum árlegum innflutningi og framleiðslu vörunnar hér á landi, árlegum skilum á úrgangi sem stafar frá viðkomandi vöru og kostnaði við úrvinnslu úrgangsins. Engar upplýsingar liggja fyrir um þessa þætti sem byggt verður á með nokkurri vissu. Því er ljóst að úrvinnslugjald verður að leiðrétta til hækkunar eða lækkunar í fyllingu tímans. Þar sem aðeins er unnt gera slíkar leiðréttingar með lagabreytingum á Alþingi getur liðið langur tími frá því að þörf leiðréttingar er ljós þar til leiðréttingin fer fram. Því er nauðsynlegt að úrvinnslusjóði sé tryggt nægilegt laust fé til að mæta slíkum óhjákvæmilegum sveiflum í tekjum og gjöldum.

Að fenginni reynslu við framkvæmd laga um spilliefnagjald telja Samtök atvinnulífsins og aðildarfélög að taka eigi lokamálsgrein 2. tl. 7. gr. beint upp í lög um úrvinnslugjald..

Lokamálsgrein 2. tl. 7. gr. laga um spilliefnagjald kveður á um að aðilum, sem keypt hafa hráefni eða efni til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af því spilliefnagjald, er heimilt að draga það frá við endanleg skil gjaldsins. Þetta ákvæði kemur í veg fyrir að úrvinnslugjald verði í tvígang lagt á hluta vörunnar.


F.h. Samtaka atvinnulífsins


Óskar Mariússon


F.h. Samtaka iðnaðarins


Ólafur Kjartansson

F.h. SVP-Samtaka verslunar og þjónustu


Sigrður Jónsson

F.h. Landssambands ísl. útvegsmanna


Guðfinnur G. Jónsen